

Fyrirspurn

til innviðaráðherra um lagningu bundins slitlags á umferðarlitla vegi.

Frá Líneik Önnu Sævarsdóttur.

1. Hvaða reglum (verklagsreglum, viðmiðum eða stöðlum) þarf Vegagerðin að fylgja við vinnu að markmiði 2.1.6 í samgönguáætlun fyrir árin 2020–2034 um að unnið verði „að lagningu á bundnu slitlagi á umferðarlitla vegi sem hafa viðunandi burðarþol þrátt fyrir að veghönnun sé að einhverju leyti ábótavant“?
2. Hvaða verkefni hafa verið unnin í samræmi við þetta markmið?
3. Hvaða verkefni er áætlað að vinna í samræmi við þetta markmið gildandi samgönguáætlunar?
4. Telur ráðherra að skýra þurfi reglur (verklagsreglur, viðmið eða staðla) til að auðvelda framkvæmdir í samræmi við þetta markmið?

Skriflegt svar óskast.